



Fréttatilkynning til fjölmiðla  
frá  
skrifstofu forseta Íslands

## **SÁTTMÁLI UM RÉTT ALLRA TIL TÁKNMÁLS UNDIRRITAÐUR Á BESSASTÖÐUM**

Guðni Th. Jóhannesson forseti Íslands, Lilja Alfreðsdóttir mennta- og menningarmálaráðherra og nokkrir hagsmunaaðilar íslenska táknmálsins munu undirrita samkomulag um „sáttmála Alheimssamtaka heyrnarlausra um rétt allra til táknmáls“ á Bessastöðum þriðjudaginn 11. febrúar næstkomandi, á degi íslenska táknmálsins, klukkan 14:00.

Alheimssamtök heyrnarlausra gáfu út sáttmála um rétt allra til táknmáls árið 2019. Þar er fjallað um rétt til táknmáls, mikilvægi táknmálsumhverfis og gildi þess að þeir sem reiða sig á táknmál hafi jöfn tækifæri á við aðra. Ísland er fyrsta landið þar sem þjóðhöfðingi, ráðherrar og fulltrúar helstu hagsmunaaðila undirrita þennan sáttmála.

*10. febrúar 2020*

*Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400), Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028) og Heiðís Dögg Eiríksdóttir, heiddis@deaf.is.*